

Mosfellsbæ 9.júní 2015

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar/bæjarráð Mosfellsbæjar
Haraldur Sverrisson

Hestamannafélagið Hörður fer þess á leit við bæjarráð Mosfellsbæjar að fá að nýta peninga sem félaginu var úthlutað til framkvæmda á lýsingu á Tungubakkahringnum til þess að virkja ofanvatn sem er við reiðhöllina og Harðarból.

Miklar skemmdir hafa orðið á veginum við Harðarból og á reiðhöllinni þar sem vatn flæddi inn í reiðhöllina þrisvar sinnum í vetur. Vatnið kemur úr hlíðinni fyrir ofan höllina.

Hópur á vegum félagsins ásamt Þorsteini Sigvaldasyni í Áhaldahúsi Mosfellsbæjar og Jóhönnu Hansen bæjarverkfræðingi hefur farið yfir þessi mál og teiknað upp aðgerðir til að virkja vatnið.

Teljum við að peningunum sé betur varið í þessar aðgerðir þar sem mannvirki liggja undir skemmdum, fyrir utan að ekki var hægt að nota reiðhöllina í nokkurn tíma vegna þessa.

Með fyrirfram þökk.

Jóna Dís Bragadóttir

Formaður Hestamannafélagsins Harðar